

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 143. fundur haldinn mánudaginn 18. september 2017 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins,

Gestur fundarins undir lið 2 var Guðný Gerður Gunnarsdóttir minjavörður Reykjavíkur hjá Minjastofnun Íslands.

1. Fundur settur kl. 14:00..
2. Hinn forni Víkurgargður í Reykjavík. – Staða mála. Guðný Gerður Gunnarsdóttir rakti sögu kirkjugarðsins og því raski sem vitað er um að orðið hafi í og við kirkjugarðinn. Ákveðið var að Guðný sendi ráðsmönnum tengil inn á skýrslu Braga Bergssonar um Almenningsgarða í Reykjavík á vef Borgarsögusafns, en þar er fjallað um kirkjugarðinn og birtar góðar myndir úr garðinum í gegnum tíðina.
3. Norræn ráðstefna um málefni kirkjugarða í Kaupmannahöfn 6-8. september. Guðmundur Rafn sagði frá fundinum. Alls voru þar 481 þátttakendur þar af 12 frá Íslandi. Haldnir voru 12 fyrirlestrar m.a. um Norræna kirkjugarða í ljósi siðskiptanna. Framtíð kirkjugarða á Norðurlöndum og óskir notenda kirkjugarða út frá síðfræði og rekstri. Þá var fjallað um hlutverk kirkjugarða fyrir lifandi fólk. Hvaða gæði kirkjugarðar þurfa að uppfylla, hverjir koma í þá og hvers vegna. Haldin var fagsýning á ráðstefnuhótelinu og tækjasýning í Gladsaxe Kirkegaard. Farið var í skoðunarferð í Bispebjerg Kirkegaard og Gladsaxe kirkegaard. Ráðstefnuslitin voru í Garnisons kirke.
4. Ákvörðun á fundardögum og fundartíma í vetur. Ráðið kom sér saman um að halda fund annan mánudag í mánuði og að fundir hefjist kl. 14:00. Fundir vetrarins verða haldnir: 9 október, 13. nóvember, 11. desember, 12. febrúar, 12. mars, 9. apríl, 14. maí og 11. júní.

Önnur mál.

Þórsteinn Ragnarsson lýsti vonbrigðum yfir því fjármagni sem ætlað er í fjárlagafrumvarpi til málefna kirkjugarða. Greiðslan til þeirra hækkar einungis um rúmlega 1%. Hann var ósáttur við hvað ráðuneytið lítur framhjá rökstuddum beiðnum um leiðréttingu.

Fundi var slitið kl. 16:05.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari